

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 120/2005

frá 30. september 2005

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Liechtenstein mun hrinda tilskipun 2004/109/EB í framkvæmd að fullu, þó með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 2001/34/EB enda er sem stendur engin starfsemi í Liechtenstein af því tagi sem fjalld er um í síðarnefndu gerðinni.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 29f (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/72/EB):
„29g. **32004 L 0109**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 24. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB):
„- **32004 L 0109**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/109/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.